# Gildi-lífeyrissjóður

*Ársfundur 2019*

*11. apríl*

GILDI

# Dagskrá ársfundar

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu
4. Tillögur til breytinga á samþykktum
5. Starfskjarastefna til staðfestingar
6. Kosning/skipan stjórnar
7. Ákvörðun launa stjórnarmanna
8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis
10. Önnur mál

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

Kolbeinn Gunnarsson, *stjórnarformaður*

GILDI

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

Árni Guðmundsson, *framkvæmdastjóri*

GILDI



# Breyting á hreinni eign*




*Upphæðir í milljörðum króna



# **Iðgjöld** *heildargreiðslur (bls. 80 – 81)*

| | |
|---|---|
| **2018** | **30.167 milljónir kr.** |

| | |
|---|---|
| Samtryggingardeild* | 29.865 millj. kr. |
| Séreignardeild | 212 millj. kr. |
| Tilgreind séreignardeild | 90 millj. kr. |

**Þar af framlag til jöfnunar örorkubyrði* *1.832 millj. kr.*

| | |
|---|---|
| **2017** | **24.542 milljónir kr.** |



# Lífeyrir *(bls. 100)*

| 2018 | 16.293 milljónir kr. |
|---|---|
| Ellilífeyrir | 10.327 millj. kr. |
| Örorkulífeyrir | 4.843 millj. kr. |
| Makalífeyrir | 921 millj. kr. |
| Barnalífeyrir | 153 millj. kr. |
| 2017 | 15.190 milljónir kr. |



# Fjárfestingartekjur *(bls. 80 - 81)*

| | |
|---|---|
| **2018** | **31.054 milljónir kr.** |
| Tekjur af skuldabréfum | 18.069 millj. kr. |
| Tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum | 10.304 millj. kr. |
| Vaxtatekjur af handbæru fé | 2.490 millj. kr. |
| Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum | 198 millj. kr. |
| Vaxtatekjur af bundnum bankainnistæðum | 41 millj. kr. |
| Fjárfestingargjöld | (48 millj. kr.) |
| **2017** | **37.299 milljónir kr.** |



# Kostnaður *(bls. 104 - 106)*

| 2018 | 873 milljónir kr. |
|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 535 millj. kr. |
| Tölvu- og hugbúnaður (rekstur tölvukerfa) | 192 millj. kr. |
| Húsnæði | 30 millj. kr. |
| Fjármálaeftirlitið, árgjald | 30 millj. kr. |
| Útsending yfirlita og lífeyristilkynninga | 29 millj. kr. |
| Annað | 58 millj. kr. |
| 2017 | 806 milljónir kr. |



# Hrein eign í árslok *(bls. 80 – 81)*

**2018** **561.217 milljónir kr.**

| | |
|---|---|
| Samtryggingardeild | 556.323 millj. kr. |
| Séreignardeild | 4.777 millj. kr. |
| Tilgreind séreignardeild | 118 millj. kr. |

**2017** **517.356 milljónir kr.**

Ársfundur 2019

# Þróun markaða

GILDI

# Innlendir markaðir *(bls. 11 - 12)*

**3,7%**
verðbólga á árinu

**4,5%**
stýrivextir í árslok






# Erlendir markaðir og gjaldmiðlar
*(bls. 13 - 14)*

**11,4%**
Bandaríkjadalur

**6,5%**
Evra






# Ársfundur 2019

## Samtryggingardeild

GILDI



# Samtryggingardeild - yfirlit*

## Breyting á hreinni eign




## Ávöxtun




**Fjárhæðir í milljörðum króna*




# Sjóðfélagar og launagreiðendur *(bls. 18)*

| | |
|---|---|
| Fjöldi sem á réttindi hjá Gildi: | 234.968 |
| Fjöldi greiðandi sjóðfélaga: | 56.147 |
| Karlar: | 58% |
| Konur: | 42% |
| Þjóðerni: | 140 |
| Fjöldi launagreiðenda: | 6.090 |




# Fjöldi lífeyrisþega *(bls. 20)*

| | |
|---|---|
| 2018 | 23.397 |

| | |
|---|---|
| Ellilífeyrisþegar | 14.459 |
| Örorkulífeyrisþegar | 5.851 |
| Makalífeyrisþegar | 2.021 |
| Barnalífeyrisþegar | 1.066 |

| | |
|---|---|
| 2017 | 22.255 |




# Lífeyrisgreiðslur *(bls. 20)*

## 2018 16.171 milljónir kr.

| | |
|---|---|
| Ellilífeyrir | 10.207 millj. kr. |
| Örorkulífeyrir | 4.891 millj. kr. |
| Makalífeyrir | 920 millj. kr. |
| Barnalífeyrir | 153 millj. kr. |

## 2017 15.089 milljónir kr.




# Fjöldi nýrra sjóðfélagalána *(bls. 21)*





# Upphæð nýrra sjóðfélagalána* *(bls. 21)*




**Fjárhæðir í milljörðum króna*



# Nafnávöxtun eignaflokka *(bls. 22 – 24)*






# Hrein nafnávöxtun *(bls. 22 – 24)*





# Hrein raunávöxtun *(bls. 22 – 24)*





# **Hrein raunávöxtun** *(bls. 22 – 24)*





# Fjárfestingar á árinu* *(bls. 24)*




*Fjárhæðir í milljörðum króna

# Eignasafn 31. desember 2018 *(bls. 25)*








# **Fjárfestingarstefna** *(bls. 36 – 37)*

Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til áhættu.

Í lok nóvember 2018 setti stjórn Gildis samtryggingardeild nýja fjárfestingarstefnu fyrir árið 2019. Þar er lagt upp með að hlutfall skuldabréfa verði aukið á kostnað hlutfalls hlutabréfa á árinu 2019. Sú aukning felst fyrst og fremst í auknu hlutfalli erlendra skuldabréfa og veðskuldabréfa.



# Fjárfestingarstefna *(bls. 36 – 37)*

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2018 | Eignir (%) 31.12.2018 | Stefna 2019 | Heimiluð vikmörk | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Lágmark | Hámark |
| **Innlán** | **9.670** | **1,8%** | **0,5%** | **0,0%** | **10,0%** |
| **Skuldabréf** | **301.987** | **54,7%** | **54,5%** | **40,0%** | **65,0%** |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 137.236 | 24,9% | 22,0% | 17,0% | 31,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 34.609 | 6,3% | 7,0% | 3,0% | 11,0% |
| Veðskuldabréf | 49.546 | 9,0% | 9,0% | 2,0% | 14,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 12.003 | 2,2% | 2,0% | 1,0% | 5,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 36.590 | 6,6% | 7,5% | 3,0% | 12,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 6.083 | 1,1% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 25.922 | 4,7% | 7,0% | 0,0% | 12,0% |
| **Hlutabréf** | **238.890** | **43,3%** | **44,0%** | **30,0%** | **60,0%** |
| Innlend hlutabréf | 101.150 | 18,3% | 18,0% | 8,0% | 25,0% |
| Erlend hlutabréf | 137.740 | 25,0% | 26,0% | 15,0% | 35,0% |
| **Aðrar fjárfestingar** | **1.487** | **0,3%** | **1,0%** | **0,0%** | **4,0%** |
| Erlendir fasteignasjóðir | 1.480 | 0,3% | 1,0% | 0,0% | 3,0% |
| Erlendir vogunarsjóðir | 7 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,0% |
| **Samtals** | **552.033** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Ársfundur 2019

# Tryggingafræðileg úttekt

GILDI




# Tryggingafræðileg úttekt *(bls. 38 – 39)*

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2018. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 7.434 milljónum kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga.

Þegar tekið er tillit til áætlaðra framtíðariðgjalda eru eignir sjóðsins 15.042 milljónum króna lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% raunávöxtunarviðmið.



# Tryggingafræðileg staða *(bls. 38 – 39)*



Ársfundur 2019

# Séreignardeild og Tilgreind séreignardeild

GILDI



# Framtíðarsýn 1 *(bls. 45 – 47)*

Ávöxtun




| | |
|---|---|
| Hrein eign í ársbyrjun 2018 | 1.913.450 |
| Hrein eign í árslok 2018 | **2.019.466** |
| Breyting á hreinni eign | **106.016** |



# Framtíðarsýn 1 *(bls. 45 – 47)*

## Fjárfestingarstefna

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2018 | Eignir (%) 31.12.2018 | Stefna 2019 | Heimiluð vikmörk Lágmark | Heimiluð vikmörk Hámark |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | **1.359,9** | **67,1%** | **65,0%** | **55,0%** | **75,0%** |
| Innlán | 60,5 | 3,0% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 741,0 | 36,6% | 30,0% | 20,0% | 65,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 197,0 | 9,7% | 13,0% | 0,0% | 23,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 78,2 | 3,9% | 3,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 181,6 | 9,0% | 12,0% | 0,0% | 20,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 101,6 | 5,0% | 6,0% | 0,0% | 15,0% |
| **Hlutabréf** | **665,6** | **32,9%** | **35,0%** | **25,0%** | **45,0%** |
| Innlend hlutabréf | 275,0 | 13,6% | 14,0% | 0,0% | 25,0% |
| Erlend hlutabréf | 390,6 | 19,3% | 21,0% | 10,0% | 40,0% |
| **Samtals** | **2.025,5** | **100,0%** | **100,0%** | | |



# Framtíðarsýn 2 *(bls. 48 – 50)*

## Ávöxtun




| | |
|---|---|
| Hrein eign í árbyrjun 2017 | 1.859.088 |
| Hrein eign í árslok 2017 | **1.992.166** |
| Breyting á hreinni eign | **133.078** |




# Framtíðarsýn 2 *(bls. 48 – 50)*

## Fjárfestingarstefna

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2018 | Eignir (%) 31.12.2018 | Stefna 2019 | Heimiluð vikmörk Lágmark | Heimiluð vikmörk Hámark |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf og innlán** | **1.600,6** | **79,3%** | **80,0%** | **70,0%** | **90,0%** |
| Innlán | 74,1 | 3,7% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 843,5 | 41,8% | 38,0% | 30,0% | 80,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 223,3 | 11,1% | 15,0% | 0,0% | 25,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 94,9 | 4,7% | 4,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 238,9 | 11,8% | 14,0% | 0,0% | 23,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 126,0 | 6,2% | 8,0% | 0,0% | 15,0% |
| **Hlutabréf** | **418,2** | **20,7%** | **20,0%** | **10,0%** | **30,0%** |
| Innlend hlutabréf | 191,9 | 9,5% | 8,0% | 0,0% | 20,0% |
| Erlend hlutabréf | 226,4 | 11,2% | 12,0% | 5,0% | 25,0% |
| **Samtals** | **2.018,9** | **100,0%** | **100,0%** | | |



# Framtíðarsýn 3 *(bls. 50)*

## Ávöxtun




| | |
|---|---|
| Hrein eign í ársbyrjun 2017 | 695.391 |
| Hrein eign í árslok 2017 | **765.130** |
| Breyting á hreinni eign | **69.739** |



# Framtíðarsýn 3 *(bls. 50)*

## Fjárfestingarstefna

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2018 | Eignir (%) 31.12.2018 | Stefna 2019 | Heimiluð vikmörk Lágmark | Heimiluð vikmörk Hámark |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðtryggð innlán | 813,8 | 100% | 100% | 100% | 100% |
| Samtals | 813,8 | 100% | 100% | | |

Ársfundur 2019

# Hluthafastefna Gildis

GILDI



# Hluthafastefna Gildis

- Núgildandi hluthafastefna sjóðsins var samþykkt 18. október 2018 og hafði þá verið óbreytt frá janúar 2015. Markmið breytinga var að uppfæra stefnuna til samræmis við framkvæmd undanfarin misseri.

- Stefnan gildir um fjárfestingar í skráðum félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í.

- Hluthafastefna sjóðsins markar stefnu hans sem eiganda í þeim félögum sem hann á verulegan eignarhlut í. Hún ásamt stefnu um ábyrgar fjárfestingar setur fram áherslur sjóðsins með tilliti til stjórnarhátta, umhverfismála og félagslegra málefna.

- Markmið stefnunnar er m.a. að koma á framfæri áherslum Gildis sem hluthafa og að veita fyrirsjáanleika um það hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum.



# Hluthafastefna Gildis

- Gildi leggur áherslu á að þau félög sem hann fjárfestir í fylgi lögboðnum og góðum stjórnarháttum.
- Gildi leggur áherslu á góða upplýsingagjöf stjórnenda félaga til hluthafa.
- Gildi yfirfer stjórnarhætti félaga og beitir sér fyrir breytingum ef ástæða er talin til.
- Gildi leggur áherslu á gagnkvæm samskipti vegna stjórnarhátta við yfirstjórnir félaga í þeim tilgangi að bæta ákvarðanatöku.
- Í samskiptum Gildis-lífeyrissjóðs er ávallt gætt að ákvæðum laga um innherjaupplýsingar og reglum samkeppnislaga, sem og meginreglum laga um trúnaðarskyldu stjórnar við félag, starfsmenn, viðskiptamenn eða aðra, og jafnræði hluthafa.



# Kosning í stjórnir

- Gildi hvetur vel hæfa einstaklinga til framboðs í stjórnir félaga þegar við á.
- Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins eru ekki studdir til stjórnarsetu í skráðum félögum og eiginlegum rekstrarfélögum, sbr. ákvæði í samþykktum sjóðsins.
- Gildi styður að komið sé á fót tilnefningarnefndum í samræmi við Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti.
- Sérstök valnefnd er starfandi innan sjóðsins sem ákvarðar hvernig farið er með atkvæðisrétt við kosningu stjórnar.
- Hægt að gefa kost á sér til stjórnarsetu á heimasíðu sjóðsins.



# Samkeppnismál

- Gildi hvetur til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum.
- Eignarhald sjóðsins á verulegum eignarhlut í fyrirtækjum sem starfa á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu.
- Gildi tekur ekki þátt í samhæfingu milli keppinauta eða að trúnaðarupplýsingar berist á milli þeirra.
- Áhersla er lögð á sjálfstæði stjórnarmanna í störfum sínum og að þeir gæti að sjálfstæði og hagsmunum viðkomandi félags.



# Starfskjarastefnur

- Gildi leggur áherslu á að starfskjastefnur séu skýrar, skiljanlegar, samræmist langtímahagsmunum og sjálfbærni félaga og feli jafnframt í sér ákvæði sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Gildi leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum æðstu stjórnenda.
- Telji Gildi að starfskjarastefna félags sé ekki í samræmi við lögboðna og góða stjórnarhætti kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri.
- Gildi leggur áherslu á að skýrslur um framkvæmd starfskjarastefnu séu skriflegar, skýrar og skiljanlegar og innihaldi greinargott yfirlit yfir framkvæmd starfskjastefnu næstliðið ár.
- Telji Gildi að skýrsla um starfskjarastefnu sé ekki í samræmi við lögboðna og góða stjórnarhætti kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri.



# Gegnsæi og aukin virkni hluthafa

- Gildi hefur síðastliðin þrjú ár birt á heimasíðu sinni hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum skráðra félaga.
- Hluthafavettvangurinn er að verða virkari og skilningur er almennt á þeirri þróun meðal hagsmunaaðila.
- Aukin áhersla er á ábyrgar fjárfestingar, virkni hluthafa og gegnsæi.
- Gildi hefur almennt átt gott samstarf við stjórnir félaga og aðra hluthafa í þessum efnum.
- Gildi hefur verið leiðandi í hópi hluthafa skráðra félaga að beita sér fyrir bættum stjórnarháttum.



# Framkvæmd hluthafastefnu

- **Á árinu 2018 beitti Gildi sér hjá eftirtöldum félögum:**

- Hvað varðar starfskjarastefnur þá greiddi sjóðurinn atkvæði gegn starfskjarastefnum hjá N1 hf. og Eimskipafélagi Íslands hf. ásamt því að leggja fram bókanir. Þá kom til hjásetu hjá HB Granda hf. og Högum hf. ásamt samsvarandi bókunum.

- Lagðar voru fram tillögur eða bókanir um undirbúning að stofnun tilnefningarnefnda hjá sjö félögum (Reginn, Síminn, Eik, VÍS, Sjóvá, N1, HB Grandi).
- Lögð var fram breytingartillaga um kaup eigin bréfa í einu tilfelli, hjá Marel hf. sem náði ekki fram að ganga.



# Framkvæmd hluthafastefnu Gildis

Fyrirtæki | Fundir | Ár

| | | |
|---|---|---|
| HB Grandi | Aðalfundur | 29. mar 2019 |
| Skeljungur | Aðalfundur | 26. mar 2019 |
| Sýn | Aðalfundur | 22. mar 2019 |
| Síminn | Aðalfundur | 21. mar 2019 |
| Festi | Aðalfundur | 21. mar 2019 |
| VÍS | Aðalfundur | 20. mar 2019 |
| Arion banki | Aðalfundur | 20. mar 2019 |



# Aðalfundur Eimskipafélags Íslands 2018

Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. árið 2018 var haldinn 22. mars að Korngörðum 2, Reykjavík.

| Dagskrárliður | Lagt fram af | Afgreiðsla* |
|---|---|---|
| Staðfesting ársreiknings | Stjórn | Samþykkt |
| Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar | Stjórn | Samþykkt |
| Tillaga um starfskjarastefnu | Stjórn | Á móti** |
| Kosning stjórnar | Stjórn | Sjálfkjörið |
| Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna o.fl | Stjórn | Samþykkt |
| Kosning endurskoðenda | Stjórn | Samþykkt |

***Afgreiðsla fulltrúa Gildis á fundinum. Niðurstaða fundar gæti verið önnur.**

**Fulltrúar Gildis lögðu á fundinum fram bókun í tengslum við tillögu um starfskjarastefnu.



GILDI

# BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Eimskipafélags Íslands hf. 22.3.2018

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

1. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis telur sjóðurinn rétt við ákvörðun launa forstjóra að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á. Í þessu samhengi leggur sjóðurinn áherslu á heildarlaun. Ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi er eðlilegt að föst laun séu að sama skapi lægri, samanborið við félög sem þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar. Sérstaklega er mikilvægt í tilfelli Eimskipafélags Íslands hf. að stjórn félagsins upplýsi nánar um það með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda eru mótuð og við hvaða samanburð þau miða.

2. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis er lögð áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Mikilvægt er í því samhengi að helstu mælikvarðar komi fram í stefnunni og að þeir séu viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið, þannig að hámörk og takmörk komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar með þessi atriði í huga með það að markmiði að lýsa með greinargóðum hætti því launakerfi sem notast er við innan félagsins.

3. Mikilvægt er að stjórn félagsins rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði og breytingar á milli ára ásamt sundurliðun á föstum og breytilegum greiðslum. Af þessum sökum er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og að hún sé birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund. Því er beint til stjórnar félagsins að sundurliða framvegis greiðslur til stjórnenda þannig að greiðslur samkvæmt árangurstengdu launakerfi komi fram og að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu verði útbúin og hér eftir birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund félagsins.

Reykjavík, 22. mars 2018

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

GILDI



# Almennt um tillögur til breytinga

Hinn 24. apríl 2018 gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um breytingar á samningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995.

Samkomulagið felur í sér breytingar varðandi ákvæði um stjórnkerfi lífeyrissjóða, s.s. varðandi ársfundi, fulltrúaráð og stjórnir. Þá gerir samningurinn jafnframt ráð fyrir því að komið sé á fót samráðshópi um lífeyrismál sem hittist tvisvar á ári til að ræða stöðu og þróun lífeyriskerfisins, málefni lífeyrissjóðanna og framvindu á grundvelli kjarasamningsins.

Tillögur sem lagðar eru til af stjórn sjóðsins á ársfundi 2019 fela í sér innleiðingu á framangreindum samningi í samþykktir sjóðsins að því marki sem viðeigandi er miðað við núgildandi stjórnkerfi og samþykktir sjóðsins.



# Tillaga til breytinga á grein 2.2

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Grundvöll sjóðsins má rekja til ~~á grundvelli~~ samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 ásamt síðari breytingum og markmið samþykkta sjóðsins að tryggja ~~tryggir~~ þau lágmarksréttindi sem þar greinir.



# Tillaga til breytinga á grein 4.1

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt tveimur varamönnum~~,~~ og fjórir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar ~~af stjórn~~ Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar.

~~Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðsfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarandi aðkomu að stjórn sjóðsins.~~



# Tillaga til breytinga á grein 4.3

Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.

Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti sem aðalmaður fyrr en að þremur árum liðnum.



# Tillaga til breytinga á grein 4.11

Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður,~~eða~~ starfsmaður eða af öðrum fjárhagslegum toga.

Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga.

Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framantöldu.





# Tillaga til breytinga á fyrirsögn gr. 5

**Ársfundur og störf fulltrúaráðs**

# Tillaga til breytinga á grein 5.3

[…] Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð ~~eins annars~~ tveggja annarra fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins og á ársfundi.



# Tillaga til nýju ákvæði 5.4

Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem rædd eru málefni sjóðsins, lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu kynnt. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum. Á fundi fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar skulu auk þess breytingar á samþykktum kynntar ef við á og starfskjarastefna kynnt. Fulltrúar samtaka launamanna skulu jafnframt staðfesta tilnefningar frá tilnefningarnefnd á fulltrúum sjóðfélaga til stjórnar sjóðsins. Þá skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningu Samtaka atvinnulífsins til stjórnar sjóðsins.



# Tillaga til nýju ákvæði 5.5

Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir ársfund skulu fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði sjóðsins skipa a.m.k. þriggja manna nefnd sem gera skal tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varamanna þeirra. Tillagan skal m.a. taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarandi aðkomu að stjórn sjóðsins. Tilnefningarnefndin skal setja sér eigin starfsreglur. Samtök atvinnulífsins skulu jafnframt starfrækja tilnefningarnefnd sem undirbýr tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um fulltrúa atvinnurekenda til stjórnar og varamenn þeirra. Tilnefningarnefndir þessar skulu hafa formlegt samráð sín á milli með það að markmiði að tryggja að tillögur hvors aðila um sig séu með þeim hætti að stjórn verði í heild þannig samsett hverju sinni að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinnt málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum.



# Tillaga til nýju ákvæði 5.6

Innan lífeyrissjóðsins starfar fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna sem undirbýr og leggur fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Ársfundur kýs þrjá fulltrúa í nefndina. Nefndarmenn sem ársfundur kýs geta ekki verið úr hópi stjórnarmanna. Jafnframt situr stjórnarformaður sjóðsins hverju sinni í nefndinni. Nefndin skal hafa hliðsjón af því að stjórnarlaun endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Einn nefndarmanna skal kosinn af fulltrúum stéttarfélaga í fulltrúaráði og annar af fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Sá þriðji skal kosinn til skiptis af fulltrúum stéttarfélaga og fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Fulltrúar þess hóps sem ekki skipar stjórnarformann næstkomandi kjörtímabil kýs þriðja fulltrúann hverju sinni



# Tillaga um að gr. 5.5 verði gr. 5.8

**Á dagskrá skulu vera ~~eftirfarandi~~ eftirtaldir dagskrárliðir:**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins.
6. Starfskjarastefna til staðfestingar.
7. Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um staðfestingu þeirra á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ~~kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn~~. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
9. Kosning þriggja nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna.
10. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
11. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
12. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

GILDI




# Gildissvið og markmið

- Starfskjarastefnan tekur til starfskjara stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna sjóðsins.
- Markmið með starfskjarastefnunni er að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins og er ætlað að treysta langtímahagsmuni sjóðfélaga, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gegnsæjum hætti.
- Það er stefna sjóðsins að bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi, styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins og að eðlilegt samræmi sé í launasetningu sjóðsins.
- Gæta skal að viðurkenndum jafnréttis- og jafnlaunasjónarmiðum við ákvörðun launa og starfskjara. Stefnt skal að því að ljúka jafnlaunavottun ekki síðar en í árslok 2019.




# Starfskjör stjórnarmanna

- Ársfundur sjóðsins skal skipa starfskjaranefnd sem leggur fram tillögu um laun stjórnar fyrir ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn sjóðsins tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund Gildis.

# Skaðleysi stjórnar og starfsmanna

- Sjóðurinn skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn, framkvæmdstjóra og aðra lykilstarfsmenn sjóðsins, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra í þágu sjóðsins. Sjóðurinn skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa þeirra fyrir sjóðinn að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi hlutaðeigandi sem metin er honum sem ásetningur eða stórfellt gáleysi.



# Upplýsingagjöf

- Ársreikningur sjóðsins skal tiltaka starfskjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og þeirra lykilstarfsmanna sem falla undir ákvæði reglugerðar um ársreikninga lífeyrissjóða á hverjum tíma.

# Staðfesting starfskjarastefnu

- Starfskjarastefna skal staðfest á ársfundi sjóðsins.
- Ef vikið er frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn sjóðsins færa slík frávik til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Gera skal grein fyrir slíkum frávikum á næsta ársfundi sjóðsins.

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

GILDI




# Kosning / skipan stjórnar

**Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til tveggja ára, til ársfundar 2021:**

Aðalmenn: **Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Stefán Ólafsson**

Varamaður: **Sara S. Öldudóttir**




# Kosning / skipan stjórnar

**Skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2021:**

Aðalmenn: **Freyja Önundardóttir**
**Gylfi Gíslason**

Varamaður: **Sigríður Margrét Oddsdóttir**

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

GILDI




# Laun stjórnarmanna

Tillagan gerir ráð fyrir að stjórnarlaun hækki um 3%.

Mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 123.473, laun formanns verði tvöföld eða kr. 246.946 og laun varaformanns verði kr.  185.210.

Stjórnarlaun miðast við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir eru fleiri skal greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund.

Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 123.473 fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*

## 8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*

9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

GILDI




# Kosning nefndar um laun stjórnarmanna

**Tillaga um fulltrúa launamanna:**

**Berglind Rós Gunnarsdóttir**

**Trausti Jörundsson**

**Tillaga um fulltrúa atvinnurekenda:**

**Davíð Þorláksson**

Nefndin er fjögurra manna, þrír eru kosnir á ársfundi, en auk kjörinna fulltrúa á stjórnarformaður sæti í nefndinni.

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. ***Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis***
10. *Önnur mál*

GILDI




# Kjör endurskoðanda

Ársfundurinn samþykkir að endurskoðandi sjóðsins verði:

**Deloitte ehf.**

**Smáratorgi 3, Kópavogi.**

# Ársfundur 2019

1. *Skýrsla stjórnar*
2. *Kynning ársreiknings*
3. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu*
4. *Tillögur til breytinga á samþykktum*
5. *Starfskjarastefna til staðfestingar*
6. *Kosning/skipan stjórnar*
7. *Ákvörðun launa stjórnarmanna*
8. *Kosning nefndar um laun stjórnarmanna*
9. *Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis*
10. *Önnur mál*

GILDI

# Takk fyrir